

Tilmæli 28/2024
Tillaga A 1972/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 28/2024 um útflutning affallsvatns frá Norðurlöndum (A 1972/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 28/2024 um útflutning affallsvatns frá Norðurlöndum til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að kanna möguleika á að herða reglur í löndunum um útflutning á hættulegum úrgangi umfram kröfurnar í Baselsamningnum til að bæta vernd umhverfis og lýðheilsu,
- að efla og samhæfa bestu starfsvenjur við útflutning á hættulegum úrgangi og affallsvatni og vinna saman að því að bæta umhverfisvernd yfir landamæri,
- að setja í forgang að vernda vistkerfi sjávar með betri stjórnun og eftirliti með stöðum þar sem tekið er á móti hættulegum úrgangi og efnablönduðu affallsvatni, svo sem danska fyrirtækið RGS Nordic sem tekur við iðnaðarúrgangi.

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Í nefndarálit sínu um þingmannatillögu um útflutning á affallsvatni (A 1972/UHN) lagði Norðurlandaráð áherslu á mikilvægi Baselsamningsins sem kveður á um flutning hættulegs úrgangs og ákveðinna annarra tegunda úrgangs á milli landa. Með því að taka upp regluverk Evrópusambandsins leitast norrænu löndin við að koma í veg fyrir eða takmarka að miklu leyti umhverfisáhrif vegna flutnings úrgangs á milli landa. Norrænu ríkisstjórnirnar eru sammála Norðurlandaráði um að Baselsamningurinn sé mikilvægur samningur um umhverfismál og telja að hann hafi haft mikla þýðingu varðandi möguleikana á því að takmarka skaðleg áhrif vegna flutnings á úrgangi á milli landa. Þörfin á því að bregðast við neikvæðum afleiðingum ólöglegs flutnings á úrgangi er sérstök áskorun sem Norræna ráðherranefndin og löndin hafa fyrir stuttu farið að beina sjónum sínum að.



Í ljósi sértæks leyfisferlis í löndunum bendir Norðurlandaráð á þörfina á því að vernda strand- og hafsvæði. Ríkisstjórnir norrænu landanna eru sammála Norðurlandaráði um mikilvægi þess að lágmarka skaðleg áhrif mengandi losunar í hafið. Árangursrík innleiðing á regluverki ESB/EES er hornsteinninn í þeirri vinnu. Við framkvæmd samstarfsáætlunar Norðurlanda í umhverfis- og loftslagsmálum 2025–2030 hyggst Norræna ráðherranefndin vekja athygli á umhverfi hafsins og þörfinni á því að draga úr losun spilliefna.

Sem svar við tilmælum Norðurlandaráðs vilja norrænu ríkisstjórnirnar koma eftirfarandi á framfæri:

Að þær kanni möguleika á að herða reglur í löndunum um útflutning á hættulegum úrgangi umfram kröfurnar í Baselsamningnum til að bæta vernd umhverfis og lýðheilsu.

Baselsamningurinn, sem samþykktur var árið 1989, kveður á um flutning hættulegs úrgangs og ákveðinna annarra tegunda úrgangs á milli landa. Samningurinn byggir á verklagi sem gengur út á fyrirframsamþykki, þ.e. viðtökulandið verður að samþykkja úrgangsflutninginn fyrir fram.

Í Evrópusambandinu var Baselsamningurinn innleiddur með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 1013/2006 EBE (reglugerð um flutning úrgangs á milli landa). Reglugerðin var endurskoðuð 2024 og verður byrjað að innleiða hina endurskoðuðu reglugerð 2024/1157 EB í meginatriðum í maí 2026. Tilgangurinn með hinni nýju reglugerð er m.a. að auka endurvinnslu á úrgangi innan Evrópusambandsins og draga úr útflutningi úrgangs til landa utan OECD. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) hefur samþykkt ákvæði um flutning á endurvinnanlegum úrgangi á milli OECD-landa. Reglugerðir ESB eru bindandi gerðir sem öllum aðildarríkjum er skylt að innleiða. Noregur og Ísland, sem eru í EES, innleiða einnig reglugerðina, sem að sumu leyti er strangari og nákvæmari en ákvæði Baselsamningsins.

Í reglugerðinni um flutning úrgangs er meðal annars kveðið á um tilkynningarskyldu þar sem upprunaland, viðkomuland og viðtökuland þurfa að samþykkja flutninginn. Fylgst er sérstaklega með öllum úrgangssendingum sem fluttar eru samkvæmt leyfi um flutning úrgangs. Allir aðilar sem koma að flutningi þurfa að grípa til allra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að tryggja að bæði flutningur og meðhöndlun úrgangsins sé með þeim hætti að hún stofni ekki heilsu manna í hættu og sé viðunandi út frá umhverfissjónarmiðum. Reglugerðin inniheldur líka ákvæði um verklag í þeim tilvikum þegar úrgangsflutningur reynist vera ólöglegur.



Að stuðla að og samhæfa bestu starfsvenjur við útflutning á hættulegum úrgangi og frárennslisvatni og vinni saman að því að bæta umhverfisvernd yfir landamæri.

Eftirlit er haft með flutningi úrgangs á milli landa í ESB og EES í gegnum reglugerð ESB um flutning úrgangs (sjá svar við síðustu spurningu). Gildissvið reglugerðarinnar nær yfir allan úrgang en hún á ekki við um flutning á affallsvatni ef flutningurinn fellur undir gildissvið reglugerðar ESB um affallsvatn frá þéttbýli eða einhverja aðra viðeigandi reglugerð ESB.

Úrgangur er einnig fluttur ólöglega á milli landa. Í slíkum tilvikum kann meðhöndlun hans að brjóta í bága við reglur og í versta falli kann hann að berast í umhverfið. Í reglugerðinni um flutning úrgangs er kveðið á um hvernig takast skuli á við ólöglegan flutning úrgangs. Einnig er að finna ákvæði um viðurlög við ólöglegum flutningi úrgangs í tilskipuninni um umhverfisbrot.

Með auknu samstarfi á milli stofnana, jafnt innanlands sem á alþjóðavísu, er hægt að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem ólöglegur flutningur úrgangs hefur á umhverfi og heilsu manna. Í verkefni undir formennsku Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni 2024 var nýlega vakin athygli á þörfinni á auknu samstarfi. Unnin var skýrsla um þær eftirlitsaðferðir sem notaðar eru í norrænu löndunum til að koma í veg fyrir brotastarfsemi sem tengist úrgangsmálum. Einnig var bent á að bæta þurfi upplýsingamiðlun á milli stofnana. Þannig mætti koma í veg fyrir skaðleg áhrif vegna ólöglegs flutnings á úrgangi eða í það minnsta draga úr þeim. Heppilegt gæti verið að leggja nánara mat á hvernig útfæra mætti nánara norrænt samstarf um úrgangsflutninga í tengslum við gerð nýrrar samstarfsáætlunar á sviði umhverfis- og loftslagsmála 2025–2030.

Setja í forgang að vernda vistkerfi sjávar með betri stjórnun og eftirliti með stöðum þar sem tekið er á móti hættulegum úrgangi og frárennslisvatni með efnum, svo sem danska fyrirtækinu RGS Nordic sem tekur við iðnaðarúrgangi.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði og framleiðslu dýraafurða (tilskipun um iðnaðarlosun) inniheldur ákvæði um samræmdar aðgerðir til að koma í veg fyrir og takmarka mengun frá iðnaðarstarfsemi. Í tilskipuninni er einnig kveðið á um að fyrirbyggja skuli eða, þar sem það er ekki mögulegt, að dregið skuli úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg, að fyrirbyggja skuli myndun úrgangs, bæta skuli auðlindanýtingu og að stuðla skuli að hringrásarhagkerfi og samdrætti í losun koldíoxíðs með það fyrir augum að ná háu verndarstigi fyrir heilsu manna og umhverfið. Uppfærð útgáfa af tilskipuninni kom út í ágúst 2024.



Þær tegundir af starfsemi sem krefjast umhverfisleyfis, þar á meðal stöðvar sem taka við hættulegum úrgangi og frárennslisvatni sem inniheldur efni, eru taldar upp í viðauka 1 við tilskipunina um iðnaðarlosun. Samkvæmt tilskipuninni skulu leyfisskilyrði varðandi m.a. losun og viðmiðunarmörk sett á grundvelli bestu fáanlegu tækni (e. best available techniques, BAT). BAT-ákvæði um meðhöndlun úrgangs (Waste Treatments, WT) voru gefin út 2018. Í sumum tilvikum kunna önnur BAT-ákvæði að eiga við um meðhöndlun úrgangs. BAT-ákvæði eru uppfærð reglulega. Með því að beita reglugerðinni um iðnaðarlosun og BAT-ákvæðunum er hægt að tryggja að gerðar séu miklar kröfur varðandi umhverfismál við meðhöndlun úrgangs og aðra iðnaðarstarfsemi.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB (rammatilskipun um málefni hafsins) er mikilvægur grunnur þegar kemur að því að ná og viðhalda góðri umhverfislegri stöðu í umhverfi hafsins. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma um stefnu í vatnsmálum (vatnatilskipunin) inniheldur ákvæði um að stöðva hnignun á ástandi vatnsgæða og ná „góðu ástandi“ í evrópskum ám, stöðuvötnum og grunnvatni. Að auki tók tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2024/3019 um hreinsun á skólpvatni frá þéttbýli gildi þann 1. janúar 2025 og vinna við innleiðingu hennar er hafin innan landanna.

Opinberar stofnanir á Norðurlöndum skiptast reglulega á upplýsingum um innleiðingu á tilskipunum ESB um umhverfi vatns og hafs, auk upplýsinga um yfirstandandi málaferli sem máli skipta og leitast stöðugt við að bæta lagalegar og stjórnsýslulegar forsendur fyrir vernd umhverfis hafsins.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin þakkar ríkisstjórnunum á Norðurlöndum ýtarlegt svar þeirra við tilmælum 28/2024 um útflutning affallsvatns frá Norðurlöndum (A 1972/UHN). Nefndin fagnar því að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum séu henni sammála um þýðingu Baselsamningsins við að takmarka hættulegan flutning á úrgangi milli landa og mikilvægi þess að draga úr mengandi losun í hafið með árangursríkri innleiðingu norrænu landanna á reglum ESB og EES.

Nefndin lýsir einnig ánægju sinni með að Norræna ráðherranefndin hyggist vekja athygli á umhverfi hafsins og þörfinni á því að draga úr losun spilliefna þegar unnið er samkvæmt samstarfsáætlun Norðurlanda í umhverfis- og loftslagsmálum 2025–2030.



Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmæli 28/2024 um útflutning affallsvatns frá Norðurlöndum (A 1972/UHN) séu endanlega afgreidd af hálfu ráðsins.

Helsingfors, 31. mars 2025

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Malte Larsen (S)

Mats Wiking (S)

André N. Skjelstad (V)

Emma Berginger (MP)

Krista Mikkonen (gröna)

Lene Westgaard-Halle (H)

Karsten Filso (SF)

Juho Eerola (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)